


Endurskoðun á
Gagnvirkum verkefnum í íslensku



Tengiliður verkefnis: Margrét Harðardóttir

Anna Magnea Harðardóttir (annam@hofsstadaskoli.is)

Heiti verkefnis: Endurskoðun á gagnvirku námsefni í íslensku

Styrkþegar: Anna Magnea Harðardóttir, Hofsstaðaskóli, annam@hofsstadaskoli.is

Verkefnisstjóri: Anna Magnea Harðardóttir, Hofsstaðaskóli, annam@hofsstadaskoli.is

Áherslupættir: yngsta stig, miðstig, læsi, íslenska, upplýsinga- og tæknimennt

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Skólaárið 2012-2013 fékk ég styrk úr Próunarsjóði námsgagna til að búa til gagnvirkt verkefnasafn í íslensku fyrir 1.-7. bekk í forritinu „Literacy Activity Builder“ þar sem áhersla var á að auka málvitund, orðaforða, stafsetningu og leikni í að nota málfræðipækkingu. Ég vann töluverðan fjölda verkefna sem hægt var að nálgast á vef Hofsstaðaskóla og allir höfðu aðgang að. Stuttu síðar var vefsvæði skólans breytt og því ekki verið mögulegt að nýta verkefnin í nokkurn tíma.

Jafnframt hafa komið í ljós einstaka villur í verkefnunum og þættir sem mætti endurskoða eða gera með öðrum hætti m.a. vegna breytinga í námskrám og kennsluáætlunum.

Verkefnin eru fjölbreytt, viðamikil, krefjandi og góð viðbót við það námsefni sem til er fyrir þennan aldur. Þau þjálfa fjölmarga þætti sem kenndir eru í íslensku í 1.-7. bekk og falla undir mörg markmið sem sett eru fram í Aðalnámsskrá grunnskóla og skólanámsskrá Hofsstaðaskóla. Þau henta öllum nemendum; stærri hópum í bekkjarkennslu, einstaklingum sem þurfa aukaverkefni, sérkennslunemendum og nýbúum sem þurfa að bæta leikni sína í málinu. Nemendum finnst verkefnin skemmtileg og góð tilbreyting við vinnubókarvinnu. Ég vildi fá styrk til að endurskoða og lagfæra verkefnin og koma þeim aftur í notkun á vefsvæði þar sem allir kennarar og nemendur í Garðabæ og víðar geti haft gagn af þeim.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaáætlun og umfang verkefnis

1. Öll verkefnin skoðuð og leyst. Skráð hvar þarf að leiðrétta, breyta og bæta. (apríl-júní 2017)
2. Verkefni lagfærð og endurbætt þar sem þörf var á. (júlí-ágúst 2017)
3. Verkefnum komið á vefsvæði sem er aðgengilegt öllum kennurum í Garðabæ. (Áætlað ágúst 2017 en gerðist ekki fyrir en síðar)

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Endurskoðun og yfirferð gekk samkvæmt áætlun. Ég bætti þó við nokkrum verkefnum sem mér fannst áhugaverð m.a. í tengslum við annað þróunarverkefni skólans „Ástarsaga úr fjöllumum“. Einnig þurfti að vinna sum verkefni alveg aftur frá grunni vegna breytinga á námskrám t.d. öll verkefni fyrir 1. bekk. Helsta hindrunin fólst í að koma þessu aftur á aðgengilegt vefsvæði þar sem ég hélt að ég gæti gert það með sambærilegum hætti og síðast sem reyndist ekki vera. Á endanum bjó ég til vef utan um verkefnin en ákveðin hýsing á gögnum er á vegum Garðabæjar. Í heildina vann ég mun fleiri tíma en umsóknin gerði ráð fyrir.

Mat á verkefninu

Miðað við viðbrögðin sem vefurinn hefur fengið frá því hann var kynntur er ljóst að þörfin fyrir slíkt efni var töluverð. Ég hef fengið jákvæð viðbrögð hjá þeim sem hafa prófað að nota efnið. Ég er mjög ánægð með að vera búin að koma þessu í loftið og að allir geti nýtt efnið með nemendum sínum. Ég stefni að því að vinna meira efni og bæta jafnt og þétt við vefinn. (Sjá nánar í afrakstur, ávinningur og kynning)

Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks 198.000

Laun	198.000
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	0
Gögn	0

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Vefurinn (verkefni) hefur verið kynntur á fundi skólafólks í Garðabæ en einnig hef ég kynnt hann á vef kennara á Facebook. Þar var auðvelt að ná til mikils fjölda kennara og voru viðbrögðin með ólíkindum en fyrsta mánuðinn skoðuðu 6000 manns vefinn. Að jafnaði skoða nokkur hundruð manns efnið í viku hverri. Efnið er einfalt, fjölbreytt og aðgengilegt fyrir alla sem vilja vinna með íslensku og því góð viðbót við aðra vinnu sem fram fer í skólum.

Verkefni má nálgast hér: <http://annamagneaverkefni.weebly.com/>